



Varðandi: Búsetumál fatlaðra á Akranesi

Málsnúmer: 1411152

Dagsetning: 24. febrúar 2016

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 31 fundi Velferðar- og mannréttindaráðs var fjallað um um stefnu í búsetumálum fatlaðs fólks og varðandi uppbyggingu nýs búsetuúrræðis. Eftirfarandi var fært til bókar:

„Í ljósi þeirrar þarfar sem fyrirsjánleg er vegna húsnæðis fyrir fatlaða á Akranesi á næstu árum telur Velferðar- og mannréttindaráð brýnt að hefja undirbúning að byggingu nýs búsetuúrræðis.

Niðurstaða ráðsins er sú að vænlegra sé að byggja nýtt húsnæði en að ráðast í breytingar á Vesturgötu 102 eins og fyrirhugað var.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því að Umhverfis- og skipulagssvið að geri tillögu að staðsetningu búsetuúrræðisins. Jafnframt óskar ráðið eftir því að bæjarráð fjalli um málid og setji það í réttan farveg varðandi fjármögnun verkefnisins og tímasetningar. Ráðið telur mikilvægt að ráðist verði í hönnun eins fljótt og auðið er.

Fyrirhuguð er vettvangsferð Velferðar- og mannréttindaráðs og teymis í málefnum fatlaðra til Proskahjálpar og Áss styrktarfélags þann 5. febrúar þar sem kynnt verður samstarf þessara aðila við sveitarfélög um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlaða“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Árið 2014 var starfsemi herbergjasambýlis að Vesturgötu 102 lögð af og íbúar þess fluttir í önnur úrræði, með það í huga að gera gagngerar breytingar á húsnæðinu og færa það til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010. Í kjölfarið var unnið að undirbúningi og hönnun breytinga á húsnæðinu og meðal annars sótt um undanþágu frá stærðarviðmiðum reglugerðarinnar til Velferðarráðuneytis.

Frá því að undanþágubeiðnin var send ráðuneytinu hefur átt sér stað umræða meðal fulltrúa í Velferðar- og mannréttindaráði um það hvort sú stefna, að ráðast í breytingar á Vesturgötu 102 sé sú rétta. Meðal þess sem hefur verið rætt er hvort rétt sé að bjóða upp á íbúðir sem ekki uppfylla stærðarviðmið og hvort geymslurými sé nægjanlegt í húsinu.

Niðurstaða Velferðar- og mannréttindaráðs er að svo sé ekki, og að réttara væri að stefna að byggingu nýs húsnæðis fyrir búsetuúrræði sem taki mið af kröfunum í áðurnefndri reglugerð og nýjustu straumum og stefnum í hugmyndafræði um þjónustu við fatlað fólk.






Akraneskaupstaður

Ráðið, ásamt starfsmönnum, hefur kynnt sér þrjá valkosti sem fyrir hendi eru varðandi byggingu og rekstur búsetuúrræðis eins og fyrirhugað er. Þeir eru þessir:

1. Bygging og rekstur á eigin vegum
Sveitarfélagið byggir húsnæði fyrir búsetuúrræði og rekur það með líkum hætti og gert er á sambýlinu að Laugarbraut 8 og í búsetuþjónustunni að Holtsflöt 9.
2. Rekstur búsetuúrræðis í leiguþúsnæði
Sveitarfélagið leitar eftir samstarfi við byggingaraðila, t.d. Brynju hússjóð, sem reisir húsnæðið og leigir það undir starfsemi sveitarfélagsins.
3. Þjónustusamningur um rekstur búsetuúrræðis
Akraneskaupstaður gerir samning við aðila, t.d. Ás styrktarfélag, um að reisa húsnæði og reka búsetuúrræði samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagið.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs og þeirri stefnu í búsetumálum fatlaðs fólks er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.



Jón Hrói Finnsson,
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs